

Ár 2008, föstudaginn 31. október, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp dómur í máli nr. E-173/2008:

Hreggviður Hermannsson

(Þorsteinn Pétursson hdl.)

gegn

Óðni Erni Jóhannssyni

(Sigurður Jónsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 8. september sl. er höfðað með stefnu birtri 11. mars sl.

Stefnandi er Hreggviður Hermannsson, kt. 000000-0000, Langholti 1, Selfossi.

Stefndi er Óðinn Örn Jóhannsson, kt. 000000-0000, Urðartjörn 3, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 1.213.875 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá 24. september 2007 til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð 600.140 krónur. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu að hann sé bóndi að Langholti I, Flóahreppi, Árnessýslu og á vormánuðum 2007 hafi hann girt af á jörðinni þrjú hólfi í því skyni að halda þar stóðhesta. Hvert hólf sé um 20 hektarar og fullnægi ströngustu kröfum varðandi slíkar girðingar. Stefndi mótmælir því hins vegar að hvert hólf sé 20 hektarar og hafi stefnandi ekki lagt fram gögn því til stuðnings. Hafi girðingarvinnu verið lokið í júní 2007 en í byrjun janúar sama ár hafi stefndi frétt af fyrirætlunum stefnanda og farið þess á leit að fá hólfin á leigu. Stefndi mun reka þá starfsemi að leigja stóðhesta, finna aðstöðu fyrir þá og síðan bóka hryssur fyrir þá. Hafi þeir gert munnlegt samkomulag um að stefndi fengi öll hólfin og yrðu þau ekki boðin öðrum það árið. Þegar girðingarnar voru tilbúnar hafi

stóðhestum verið sleppt í hólfín ásamt alls 78 merum. Stefnandi heldur því fram að leigutímabilið hafi átt að standa frá miðjum júní til 1. september 2007 en hluti af hrossunum hafi verið í hólfunum til 15. september sama ár án samþykkis stefnanda. Stefndi mótmælir þessu og segir stefnanda hafa vitað að Fola ehf. hefði leigt stóðhesta til 20. september og þyrfti á hólfunum að halda til þess dags. Stefndi segir fyrirtækið Fola ehf. hafa verið stofnað í ársbyrjun 2007 vegna reksturs sem felist í því að leigja þekkta stóðhesta, auglýsa þá og kynna fyrir hryssueigendum, halda úti heimasíðu til að taka á móti pöntunum, miðla upplýsingum og fréttum, leigja fyrir þá aðstöðu, taka á móti hryssum fyrir þá, sjá um daglegt eftirlit með hrossunum, sjá um sónarskoðanir o.fl. Stefnandi heldur því fram að stefndi hafi misbeitt hólfín eftir 1. september og hafi orðið ofbeitt í einu þeirra. Hafi héraðsdýralæknir kallað til mann frá Búnaðarsambandi Suðurlands sem hafi metið girðingarnar mjög góðar en talið landið verulega bitið en ekki haglaust. Stefndi telur að þessi mikla beit á vallendinu hefði orðið mun minni hefði stefnandi gefið heyrúllur með beitinni eins og talað hefði verið um í upphafi. Stefnandi hafi aðeins gefið 4 rúllur og hafi það orðið til þess að hrossin hafi ekki verið eins lengi í Langholti og til hafi staðið og hafi það valdið Fola ehf. aukakostnaði og tjóni.

Stefnandi heldur því fram að hann hafi í upphafi sjálfur viljað innheimta girðingargjald fyrir merarnar og heldur hann því fram að gjaldið hafi átt að vera 20.000 krónur fyrir hverja meri. Telur stefnandi útlagðan kostnað stefnda nema 2.500 krónum, sem væri sónargjald, stefndi fengi 5.000 krónur í þóknun fyrir að útvega og bóka merarnar en stefnandi fengi 12.500 krónur fyrir hverja meri. Stefndi hafi hins vegar sjálfur viljað innheimta gjaldið og hafi stefnandi samþykkt það. Stefndi mótmælir því að rætt hafi verið um að stefnandi myndi sjálfur innheimta girðingargjaldið og hvað þá 20.000 krónur eins og stefnandi haldi fram. Kveður stefndi gjald Fola ehf. fyrir alla þá þjónustu sem fyrirtækið veiti vera 25.000 krónur með virðisaukaskatti sem leggist ofan á þann hluta sem stóðhasteigandinn fengi til sín. Stefndi heldur því fram að enginn ágreiningur hafi verið um leigufjárhæðina 6.000 krónur fyrir hverja stóðhryssu. Hafi stefnandi beðið um að fá tíma til að kanna hjá endurskoðanda sínum hvort reikningurinn ætti að vera með virðisaukaskatti. Stefndi segist hafa beðið stefnanda að stíla reikninginn á Fola ehf. sem hafi verið leigutaki en ekki stefndi. Hafi það komið stefnda á óvart þegar hann hafi fengið allt of háan reikning frá stefnanda stílaðan á rangan aðila. Stefndi segist fyrir hönd Fola ehf. hafa greitt stefnanda 600.140 krónur 20. nóvember 2007 sem hann segir greiðslu fyrir 78 hryssur með virðisaukaskatti auk dráttarvaxta í 45 daga.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á framlögðum reikningi sem sé á því byggður að í hólfunum hafi verið 78 merar og gjald landeiganda fyrir hverja meri sé 12.500 krónur eða samtals 975.000 krónur og með virðisaukaskatti sé stefnufjárhæðin 1.213.875 krónur. Stefnandi byggir á því að hann og stefndi hafi gert munnlegan samning sem stefndi hafi ekki uppfyllt. Stefnandi vísar til meginreglna samningaréttarins og

kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga. Krafa um dráttarvexti er reist á III. kafla laga nr. 38/2001 og krafa um málskostnað er byggð á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir í fyrsta lagi á aðildarskorti. Þegar samningar hafi tekist með stefnanda og stefnda um leigu á hólfunum hafi verið um það samið að leigutakinn væri einkahlutafélag stefnda, Foli, sem stefndi hefði stofnað um rekstur sinn, en félagið hafi þá ekki verið búið að fá kennitölu. Myndi stefnandi gera skriflegan samning við félagið strax og kennitalan lægi fyrir og yrði reikningur gefinn út í september 2007. Þrátt fyrir umleitun og eftirrekstur stefnda eftir að kennitalan hafi verið komin í júlí sama ár hafi stefnandi þó ekki fengist til að gera skriflegan samning við Fola ehf. Einkahlutafélagið hafi samt sem áður verið viðsemjandi stefnanda og hafi honum borið að beina reikningi til þess félags. Sé krafa á hendur stefnda persónulega því ekki í samræmi við samning aðila.

Í öðru lagi er á því byggt að umsamið leigugjald vegna beitarhólfanna, 6.000 krónur á hryssu auk virðisaukaskatts, hafi að fullu verið greitt 19. nóvember 2007. Sé girðingargjaldið 12.500 krónur á hryssu allt of hátt og ekki í samræmi við samning aðila. Hvíli sönnunarbyrðin um að samið hafi verið um hærra gjald að öllu leyti á leigusala sem hafi látið undir höfuð leggjast að gera skriflegan samning. Stefndi hefur lagt fram reikninga vegna leigu á öðrum beitarhólfum sem sýni að gangverð girðingargjalds sumarið 2007 hafi verið á þeim nótum sem aðilar sömdu um.

Stefndi vísar til meginreglna samninga- og kröfuréttar um efndir og vísar jafnframt til 10. og 37. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 til hliðsjónar. Krafa um málskostnað er reist á 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Stefndi byggir vörn sína í fyrsta lagi á aðildarskorti. Hafi svo um samist með aðilum að leigutakinn væri einkahlutafélag stefnda, Foli, en félagið mun ekki hafa verið búið að fá kennitölu er samningar tókust. Stefnandi hefur í munnlegum málflutningi hér fyrir dómi mótmælt því að um aðildarskort sé að ræða og hafi aldrei verið rætt um að Foli ehf. væri viðsemjandi. Aðilar gerðu ekki skriflegan samning um leigu á hólfunum og hefur stefnda að mati dómsins ekki tekist að sanna að hann sé ekki réttur aðili málsins. Verður sýknukröfu af þessum ástæðum því hafnað.

Í öðru lagi er ágreiningur með aðilum um leigugjald fyrir hverja meri. Ekki er um það deilt að um 78 merar var að ræða en stefndi heldur því fram að umsamið leigugjald hafi verið 6.000 krónur á hverja meri auk virðisaukaskatts en stefnandi heldur því hins vegar fram að gjald fyrir hverja meri eigi að vera 12.500 krónur auk virðisaukaskatts. Stefndi hefur í samræmi við þennan skilning sinn á samningi aðila greitt stefnanda 600.140 krónur 19. eða 20. nóvember 2007 sem hann segir greiðslu fyrir 78 hryssur með virðisaukaskatti auk dráttarvaxta í 45 daga. Stefndi hefur lagt fram tvo reikninga sem einkahlutafélag hans hefur greitt vegna leigu á öðrum beitarhólfum og telur hann þá reikninga sýna að gangverð girðingargjalds hafi verið á þeim nótum sem aðilar sömdu um. Stefndi hefur í greinargerð vísað til húsaleigulaga nr. 36/1994 til hliðsjónar, en þau lög eiga ekki við um þau lögskipti aðila sem hér er fjallað um.

Aðilar komu fyrir dóm og hélt hvor fast við sitt að því er umsamið verð varðaði. Vitnið Hjörtur Bergstað kom fyrir dóm en hann gat ekki staðfest hvað aðilum hefði farið á milli um verðlagningu fyrir hverja hryssu. Er því ósannað að samist hafi um ákveðið verð og verður því að dæma málið á grundvelli 45. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup en þar kemur fram að greiða skuli það gangverð sem er á sams konar hlutum, seldum við svipaðar aðstæður, við samningsgerðina, enda sé verðið ekki ósanngjarnt. Ef ekki er um neitt slíkt gangverð að ræða skal kaupandi greiða það verð sem sanngjarnt er miðað við eðli hlutar, gæði hans og atvik að öðru leyti. Stefndi hefur hvorki lagt fram matsgerð sem styður fullyrðingar hans um gangverð né að kröfugerð stefnanda sé ósanngjörn. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina.

Með hliðsjón af atvikum öllum og þar sem aðilar létu undir höfuð leggjast að gera skriflegan samning um viðskipti sín eða tryggja sér með öðrum hætti sönnun um þau, þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kvað upp dóminn. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna dómarans en lögmenn aðila töldu endurflutning óþarfan.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Óðinn Örn Jóhannsson, greiði stefnanda, Hreggviði Hermannssyni, 1.213.875 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá 24. september 2007 til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð 600.140 krónur.

Málskostnaður fellur niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.

